



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík 8. apríl 2021

*Umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 603. mál á 151.  
löggjafarþingi, stjórnarfumvarp.*

Almannaheill, samtök þriðja geirans, vísa til fyrri umsagna sinna um frumvarp um félög til almannaheilla, sem efnahags- og viðskiptanefnd þingsins hefur nú til meðferðar og óskar eftir umsögnum um. Samtökin ítreka jákvæða afstöðu til málsins.

Þetta mun vera í fjórða skiptið sem málið er lagt fyrir alþingi—að stofni til það sama í öll skiptin en þó lítið eitt breytt með hverri framlagningu. Þær breytingar sem nú birtast í frumvarpinu frá síðustu útgáfu þess vorið 2020 virðast miða að því að ná víðtækari samstöðu um málið. Þannig er nú við 1. gr. frumvarpsins um gildissvið þess bætt eftirfarandi málsgrein: “Lögin gilda ekki um félög skv. 5. gr. íþróttalaga, nr. 64/1998, nema svo sé tekið fram í samþykktum þeirra”. Má ætla að þessi viðbót eigi rætur að rekja til andmæla frá íþróttahreyfingunni í landinu við fyrri útgáfu frumvarpsins. Almannaheill styður að þannig sé komið til móts við sjónarmið íþróttahreyfingarinnar. Í andmælunum kom á sínum tíma fram að íþróttahreyfingin byggi við eigið regluverk sem fullnægði þörfum hennar um ýmis mál sem tekið er á í þessu frumvarpi. Íþróttafélög þurfa eftir sem áður að meta kosti þess að verða skráð undir lög um félög til almannaheilla vegna atriða sem íþróttalög taka ekki til.

Í gildissviðsgrein þessa frumvarps er enn fremur tekið fram: “Lögin gilda þó ekki um skráningarskyld félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri”. Er hér vísað til þess að um sum félög gildi sérstök lög um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri nr. 119/2019, sem sett voru vegna aðgerða gegn peningabætti og baráttu gegn hryðjuverkum. Umhugsunarvert er hvort í framhaldi af setningu þeirra laga sem hér eru undirbúin megi sameina þessi tvenn lög, þá með sérákvæðum um starfsemi yfir landamæri og merkingu þeirra sem hana stunda í almannaheillafélagaskrá, ef slík einföldun uppfyllir þá alþjóðlegar skuldbindingar gegn peningabætti o.fl.

Varðandi einstök efnisatriði frumvarpsins vilja Almannaheill aðeins varpa fram þeirri spurningu hvort í ljósi almennra aðgerða stjórnvalda varðandi skráningu frjálsra félagasamtaka og raunverulegra eigenda þeirra og með hliðsjón af fyrirliggjandi frumvarpi um skattlagningu frjálsra félagasamtaka, þar sem gengið er út frá almennri skráningu í almannaheillafélagaskrá, sé raunhæft að skráning félaga til almannaheilla samkvæmt þessu frumvarpi sé valkvæð, eins og segir í 29. gr. frumvarpsins. Spyrja má hvort þannig sé fullt samræmi sé milli 28. og 29. gr. frumvarpsins.



Að öðru leyti mælir Almannaheill eindregið með samþykkt þessa lagafrumvarps og endurtekur það sem fram kom í fyrri umsögn samtakanna: “Almannaheillasamtök gegna fjölbreyttu hlutverki við lausn á samfélagslegum viðfangsefnum í landinu. Þau hafa þá sérstöðu að starfa á lýðræðislegum grunni. Mörg þeirra hafa með höndum umtalsverðan rekstur. Það meginsjónarmið liggur til grundvallar stuðningi Almannaheilla við lagafrumvarpið er að eðlilegt sé að almannaheillasamtök eigi kost á vel skilgreindu rekstrarformi fyrir sína starfsemi; eðlilegt sé að með lögum séu skilgreind helstu réttindi og skyldur félaganna, stjórnenda þeirra og félagsmanna; einnig að með slíkum lögum séu lagðar línur um góða stjórnarhætti slíkra félaga, líkt og gert er varðandi önnur félagaform. Það er álit samtakanna að slíkur lagarammi auki trúverðugleika og traust félaganna í samfélaginu og stuðli að því að þau vinni að verkefnum sínum með sómasamlegum hætti”.

f.h. Almannaheilla

---

formaður